Fyrirlestrar um nútímalist að Kjarvalsstöðum

HAFINN er að Kjarvalsstöðum flutningur á fyrirlestrum um nútímalist. Flytjandi þeirra er Aðalsteinn Ingólfsson, listfræðingur, og fara þeir fram í fundarsal Kjarvalsstaða. Aðgangur er öllum heimill meðan húsrúm leyfir og hefjast þeir kl. 17.30 hvern fimmtudag. Tveir þeirra hafa þegar verið fluttir og fjölluðu þeir um forvera, þá Van Gogh, Gaugin og Cézanne og um fauvisma. Fyrirlestrarnir sem eftir eru eru þessir:

Expressjónismi í Þýzkalandi 4. nóv.; Kúbismi: Píkassó, Braque, Gris og Léger 11. nóv.; Fútúrismi og Vortex 18. nóv.; Dada 25. nóv.; Súrrealismi 2. des.; Ný plastík: Mondrian, van Doesburg 9. des.; Amerískur afstrakt-expressjónismi 16. des.; Amerísk list 1950—65 13. jan.; Minimal og Concept 20. jan.; Skúlptúr á 20. öld 27. jan.

(Fréttatilkynning).




Hjónin Magnús Kjartansson og Kolbrún Björgólfsdóttir við eitt verka Magnúsar.

Málverk og leirker að Kjarvalsstöðum

Magnús Kjartansson opnaði í gær sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru um 70 verk og sagði Magnús að þau hefðu verið gerð á síðustu þremur árum, og flest þeirra væru tvímáluð. Þetta er fyrsta einkasýning Magnúsar Kjartanssonar en árið 1972 sýndi hann ásamt Sigurði Örlygssyni í Norræna húsinu. Magnús stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands í þrjú ár, en fór svo til Danmerkur til framhaldsnáms. Þar nam hann við listaakademíuna í Kaupmannahöfn og sagði Magnús að kennari hans hafi verið einn frægasti myndlistarmaður Norðurlanda, Mortensen. Sýning Magnúsar verður opnuð kl. 15 í dag.

Kolbrún Björgólfsdóttir, sem er eiginkona Magnúsar, sýnir um þessar mundir hluti úr leir í veitingasal Kjarvalsstaða. Kolbrún, sem er leirkerasmiður, nam árin 1969—73 við Myndlista- og handíðaskólann og stundaði framhaldsnám í Kunsthandverker og Kunstindustriskolen í Kaupmannahöfn 1973—75. Hún er nú kennari við Myndlista- og handíðaskólann. Um sýningu sína segir Kolbrún m.a.: Ég bý til margs konar hluti úr leir, bæði hreina og beina notahluti, svo sem sett



Verk Kolbrúnar eru til sýnis í skápnum í veitingasal Kjarvalsstaða.

af skálum, sykur- og rjómasett svo og lokkrúsir af mörgum stærðum, einnig skálar og diska sem hafa notagildi en eru þó hugsuð sem sjálfstæð myndverk. Einnig má hér sjá stakar tilraunir með glerung og hugmyndir að skreytingum á blautan, þurran og brenndan leir. Ég nota japanska brennslutækni, sem nefnist Raku, á fjórum litlum skálum á þessari sýningu og sömuleiðis sýni ég diska með lituðum leir, þ.e. postulínsleir sem litaður er með málmoxíðefnablöndu.

Sýningin á verkum Kolbrúnar, sem hefur staðið yfir í nokkra daga, mun standa til 13. nóvember.



Gítar stolið frá Stuðmanni

STUÐMAÐURINN Tómas Tómasson varð fyrir því óláni í Stykkishólmi nýverið að gleyma forlátum bassagítar þegar hann var þar að spila. Forráðamenn danshússins á staðnum ætluðu að senda honum gítarinn en áður en það tókst, var búið að stela gripnum. Hefur lögreglan í Stykkishólmi ekki náð að upplýsa málið, þrátt fyrir miklar yfirheyrslur. Þetta er Fender Precison bassagítar, en slíkir gripir kosta í dag 150—200 þúsund krónur. Séreinkenni: Gítarinn er merktur númerinu 61991 á málmplötu, og milli 3. og 4. band á hálsi hefur kvarnast uppúr plötu. Þeir sem geta veitt upplýsingar um það hvar gítarinn er niðurkominn, eru beðnir að snúa sér til næstu lögreglustöðvar. Á myndinni sést Tómas suðmaður með gítarinn sinn.

Bæjarstjórn Eskifjarðar:

Mótmælir rafmagnslokun

Eskifirði, 29. okt.

BÆJARSTJÓRN Eskifjarðar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun stjórnar RARIK að loka fyrir sölu á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis á samveitusvæði Lagarfossvirkjunar. Bæjarstjórnin skorar á þingmenn kjördæmisins að hlutazt til um afturköllun á sölubanni þessu og að settar verði nú þegar upp díselstöðvar til tryggingar meiri raforkuframleiðslu yfir veturinn. Þá væntir bæjarstjórnin þess að þingmenn kjördæmisans láti ekki í annað sinn samþykkja fjárlög án verulegs framlags til orkuöflunar fyrir Austurland.

— Ævar.

Húsbyggjendur - Einangrunarplast

Afgreiðum einangrunarplast á Stór-Reykjavíkursvæðið tvá mánudegi – föstudags.

Afhendum vöruna á byggingarstað viðskiptamönnum að kostnaðarlausu.

Hagkvæmt verð og greiðsluskilmálar við flestra hæfi.

Borgarplast hf
Borgarnesi sími 93-7370
kvöld og helgarsími 93-7355

Breytt símanúmer

Frá og með mánudeginum 1. nóvember verður símanúmer SKRIFSTOFU RÍKISSPÍTALANNA

24160


Gjaldkeri, launadeild og innkaupastjóri verða þó áfram með síma

11765

Skrifstofa ríkisspítalanna

FORMICA BRAND
laminated plastic

Aukið vellíðan á heimilinu með FORMICA



T.d. í eldhúsið, baðið, sólbekki og skápa. Ávallt fjölbreytt litaúrval.
Fæst einnig í marmara, leður og viðarmynstrum. Það kostar lítið meira að nota það besta.

FORMICA


G. Þorsteinsson og Johnson hf.
Ármúla 1. sími 85533.



EF ÞAÐ ER FRÉTTNÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í MORGUNBLAÐINU

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480

SPECK LENSI DÆLA



Sturlaugur Jónsson & Co
Vesturgötu 16,
sími 13280.



Morgunblaðið óskar eftir blaðburðarfólki

Austurbær
Skipholt 2—50

Úthverfi
Blesugróf

Upplýsingar í síma 35408

Morgunblaðið